Tilraunaglaður liðhlaupi

Eiríkur Örn Norðdahl kemur að sex bókum í Bókatíðindum

Eftir Ásgeir H. Ingólfsson
asgeirhi@mbl.is

EIRÍKUR Örn Norðdahl hafði heilmikinn áhuga á þorskastríðinu en komst ekki í að lesa allar bækurnar sem hann hafði aflað sér um það. Þannig að hann fór að spinna og útkoman varð langt prósaljóð (46 erindi), „Síðasti liðhlaupi þorskastríðsins," sem er eitt af burðarverkum ljóðasafns Eiríks Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum! „Þetta er náttúrulega sögufölsun," viðurkennir Eiríkur fúslega en í ljóðinu kallast á hermennska og sjómennska, tvö karlmennskutákn kynslóðanna, hið síðarnefnda vissulega mun nær Ísfirðingnum Eiríki. „Pabbi var á sjó alla mína barnæsku," segir hann og viðurkennir að sjálfur sé hann á vissan hátt liðhlaupi. Ekki bara að hann hafi farið að skrifa í stað þess að fara á sjóinn heldur sé hann líka nokkurs konar liðhlaupi í hópi skálda. „Ég kem hálfpartinn frá hlið inní allar þessar kreðsur," segir Eiríkur sem hefur búið á Ísafirði, í Berlín og nú í Helsinki en öllu minna í Reykjavík þar sem flest hin íslensku ungskáldin eiga aðsetur sitt.

Endurljóðblandanir og frelsi Bandaríkjaforseta

Þessar liðhlaupatengingar eru þó það næsta sem ég kemst því að tengja persónu Eiríks ljóðunum hans. Ljóðin eru afskaplega tilraunakennd og hann er mikið að vinna með annarra manna texta. Mörg stutt ljóð eru í þessari löngu ljóðabók (200 síður) en burðarverkin eru áðurnefndur liðhlaupi og „Súblímavatn", safn endurljóðblandanna á „Tímanum og vatninu". „Ég tek þetta meistaraverk módernismans og heimfæri það á tegund ljóðlistar sem íslensk ljóðskáld hafa að mestu neitað að taka þátt í." Um er að ræða alls kyns orðablandanir sem internetið og ritvinnsluforrit eru oft notuð til þess að skapa. „Með þessu fjarlægir maður egóið og finnur ákveðin tæki sem ég beiti svo á texta. Samtímaraunveruleikinn er svo fullur af texta, við höfum aldrei lesið svona mikinn texta enda er hann alls staðar." Eiríkur segir brýnt að svara þeim texta og bregðast við honum.

Um módernismann segir hann að þar birtist húmanískur draumaheimur og heimspekilegar vangaveltur sem hafi átt sinn líftíma en einfaldlega runnið sitt skeið. „Það hlustar enginn á slíkt lengur. Stóru hugtökin eru ekki skilgreind lengur, þegar Bush notar orðið frelsi skiljum við það ekki sama skilningi og þegar Churchill notaði sama orð. Þannig er slík ljóðlist að herma hugmyndir upp á ljóðræna orðræðu rétt eins og Bush hermir frelsið upp á pólitíska orðræðu."



Morgunblaðið/Svavar

Fullt af texta „Samtímaraunveruleikinn er svo fullur af texta, við höfum aldrei lesið svona mikinn texta enda er hann alls staðar," segir ljóðskáldið Eiríkur Örn Norðdahl.

Sjóaraeðli skáldsins

En Fönixinn er þó ekki eina bókin sem Eiríkur kemur að þetta árið, alls eru sex bækur í Bókatíðindum sem hann annað hvort hefur samið eða þýtt. Í vor kom út Handsprengja í morgunsárið sem hann vann með Ingólfi Gíslasyni og nú í haust kom út þýðingasafn erlendra ljóða, 131.839 slög með bilum, auk þess sem hann á þrjár þýðingar aðrar. „Ég ákvað í vor að hætta að bíða eftir ritlaununum og sagði upp dagvinnunni og þetta er bara það sem maður þarf að gera til að geta unnið ritlaunalaust, vinna allar mínar vökustundir," segir Eiríkur sem einnig hefur verið að vinna útvarpsþætti fyrir RÚV um ljóðlist, skrifa greinar og taka þátt í ljóðahátíðum og upplestrum, nokkuð sem hægt er að fá smápening fyrir í Skandinavíu. „Það er líklega þarna sem sjóaraeðlið segir til sín," segir vestfirski ljóðhlaupinn Eiríkur Örn Norðdahl að lokum þar sem hann bíður eftir bát til Stokkhólms með íslenskan blaðamann í símanum.